

Júní 2026



Líffræðileg fjölbreytni Aðgerðaáætlun 2026–2030

*Drög í samráðsgátt
stjórnvalda*

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Líffræðileg fjölbreytni: Aðgerðaáætlun 2026–2030

Júní 2026

urn@urn.is

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/umhverfis-orku-og-loftslagsraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

©2026 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Atvinnulíf og samfélag	7
1.1 Landbúnaður og náttúruvernd	7
1.2 Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu	9
1.3 Stuðningur við atvinnulíf	11
1.4 Fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni	12
2. Endurheimt vistkerfa	13
2.1 Stöðumat hnignaðra vistkerfa á Íslandi	13
2.2 Endurheimt raskaðra vistkerfa á ríkisjörðum	15
2.3 Endurheimt raskaðra vistkerfa í ferskvatni, strandsjó og hafi	16
3. Stjórnsýsla og samhæfing	17
3.1 Samstarf og stuðningur við sveitarfélög	17
3.2 Greining áhrifa opinberra hvata á líffræðilega fjölbreytni	19
3.3 Framandi ágengar tegundir	20
3.4 Framkvæmd áhættumats fyrir valdar framandi tegundir	21
3.5 Könnun valkosta varðandi lífríkisráð og vísindanefnd	22
4. Verndun lífríkis	24
4.1 Verndarsvæði í hafi	24
4.2 Virk svæðisvernd á landi	25
4.3 Átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana	26
4.4 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár	27
5. Þekking, gögn og vöktun	28
5.1 Mælaborð líffræðilegrar fjölbreytni	28
5.2 Náttúruskrá Íslands: Samræmt gagnakerfi	29

5.3	Uppfærsla vistgerðakorts á landi.....	30
6.	Viðauki: Yfirlit aðgerða	31

Inngangur

Stefna Íslenskra stjórnvalda um vernd líffræðilegrar fjölbreytni var gefin út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í byrjun árs 2026. Í stefnunni hafa verið skilgreind sex **leiðarljós** sem draga fram lykiláherslur stefnunnar og mynda grunn að forgangsröðun aðgerða stjórnvalda á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Aðgerðaáætlunin er liður í vegferð stjórnvalda í að innleiða skuldbindingar Íslands gagnvart samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og Kunming–Montreal rammasamkomulaginu (GBF) sem samþykkt var árið 2022.

Leiðarljós stefnunnar eru:

- A. Sterkur sess líffræðilegrar fjölbreytni innan stjórnkerfis
- B. Vernd og endurheimt vistkerfa og tegunda
- C. Sjálfbær landnotkun og auðlindanýting í sátt við líffræðilega fjölbreytni
- D. Áhrif framandi ágengra lífvera, mengunar og loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni
- E. Líffræðileg fjölbreytni fyrir samfélagið
- F. Þekking er undirstaða árangurs

Í aðgerðaáætluninni er horft til leiðarljósanna sex og er aðgerðum raðað í fimm stefnumótandi **kjarnaviðfangsefni** til að skýra forgangsröðun og samhengi aðgerða. Sterk tengsl eru á milli aðgerðanna við mismunandi leiðarljós stefnunnar og styðja aðgerðirnar við fleiri en eitt leiðarljós samtímis.

Kjarnaviðfangsefni aðgerðaáætlunarinnar eru:

1. Atvinnulíf og samfélag
2. Endurheimt vistkerfa
3. Stjórnsýsla og samhæfing
4. Verndun lífríkis
5. Þekking, gögn og vöktun

Í áætluninni eru **forangsaðgerðir** sem stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á að hrinda í framkvæmd á fyrstu árum innleiðingar stefnunnar. Við val aðgerða hefur verið lögð áhersla á að þær séu skýrar, framkvæmanlegar og styðji við mælanlegan árangur, m.a. með því að tryggja betur samræmingu verkefna, markvissari nýtingu fjármuna og skýrari ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni.

Forangsaðgerðirnar eru:

- 4.1 Verndarsvæði í hafi
- 4.2 Virk svæðisvernd á landi
- 1.2 Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu
- 4.3 Átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana
- 1.1 Landbúnaður og náttúruvernd

Aðrar aðgerðir verða þróaðar áfram samhliða aukinni þekkingu, reynslu af framkvæmd og þróun alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Mat á framgangi og árangri aðgerða fer fram jafnt og þétt í samræmi við eðli og tímabil aðgerðanna.

Í aðgerðaáætluninni er staða aðgerða skilgreind með eftirfarandi hætti:

- Aðgerðir þar sem fjármagn hefur verið staðfest og vinna við einn eða fleiri verkþátt er hafin eru skráðar „Í framkvæmd“.
- Aðgerðir þar sem vinna við útfærslu, fjármögnun eða annan undirbúning er hafin en formleg framkvæmd hefur ekki hafist eru skráðar „Í undirbúningi“.
- Aðgerðir sem ekki er búið að útfæra nánar eða samþykkja formlega eru skráðar „Á hugmyndastigi“.

Nokkrar aðgerðir hafa jafnframt verið skilgreindar í öðrum áætlunum stjórnvalda, m.a. *aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* og *aðlögunaráætlun í loftslagsmálum*, enda styðja þær jafnframt við vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni. Þessar aðgerðir eru merktar sérstaklega í áætluninni.

Aðgerðaáætlunin markar upphaf markvissrar innleiðingar stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni og setur fram forgangsaðgerðir sem leggja grunn að áframhaldandi framkvæmd og þróun stefnunnar til ársins 2030.

1. Atvinnulíf og samfélag

1.1 Landbúnaður og náttúruvernd

Markmið: Efla líffræðilega fjölbreytni í landbúnaði með samþættingu náttúruverndar og búskaparháttanna, þróun þekkingar og innleiðingu hvetjandi styrkjakerfa.

Lýsing: Aðgerðin miðar að því að efla samstarf við bændur og landeigendur um sjálfbæra landnýtingu þar sem líffræðileg fjölbreytni er höfð að leiðarljósi. Unnið verður að því að brúa bilið á milli framleiðslumarkmiða landbúnaðar og vernd náttúru með eftirfarandi hætti:

- **Greining og þróun aðferða:** Metin verða áhrif núverandi búskaparháttanna (t.d. akuryrkju og beitar) á líffræðilega fjölbreytni. Horft verður til reynslu nágrannalanda og þróaðar aðferðir og mælikvarðar sem henta íslenskum aðstæðum.
- **Ráðgjöf um landnýtingaráætlanir:** Þróuð verður ráðgjöf á grunni hugmyndafræði *Loftslagsvæns landbúnaðar*. Unnið verður með bændum að heildstæðum landnýtingaráætlunum fyrir bújarðir þar sem skilgreind eru markmið sem nýtast beint í daglegan búrekstur og ákvarðanatöku.
- **Miðlun og tilraunaverkefni:** Ráðist verður í tilraunaverkefni til að prófa nýjar lausnir og árangur þeirra kynntur með vinnustofum og útgáfu leiðbeininga um góða starfshætti. Sýnt verður fram á hvernig efling líffræðilegrar fjölbreytni getur stutt við uppskeru og seiglu landbúnaðarins.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Land og skógur

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Náttúruverndarstofnun

Árangursvísar og afurðir:

- Fjöldi bænda í samstarfi
- Fjöldi heildstæðra landnýtingaráætlana

Tímalína: 2026–2029

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Landbúnaðarstefna til ársins 2040, Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt

Leiðarljós stefnu: #C #B #E

GBF markmið: 9, 14

1.2 Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu

Markmið: Efla og styðja markvissa vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu í samstarfi við landeigendur þannig að aukið hlutfall þeirra verði sett undir 30% markmið um virka vernd eða endurheimt vistkerfa fyrir árið 2030.

Lýsing: Veruleg tækifæri liggja í samstarfi við bændur og aðra landeigendur um sjálfbæra landnýtingu. Aðgerðin felur í sér að efla og samræma fjárhagslega hvata, heildstæða ráðgjöf og framkvæmdagetu til að styðja við náttúrumiðaðar lausnir sem stuðla að vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu.

Aðgerðin byggir m.a. á nýrri reglugerð sem tók gildi í janúar 2026 um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt og felur m.a. í sér:

- stuðning við verndun kolefnisríkrar og líffræðilega mikilvægra vistkerfa,
- endurheimt votlendis, birkiskóga og annarra raskaðra vistkerfa,
- gerð heildstæðra landnýtingaáætlana fyrir jarðir og landslagsheildir og
- samræmda ráðgjöf til bænda og landeigenda um náttúrumiðaðar lausnir.

Jafnframt er lagt upp úr því að auka samráð og þátttöku bænda og landeigenda í framkvæmd og eftirfylgni aðgerða, þ.á m. vöktunar. Markmiðið er að skapa aðstæður þar sem landeigendur hafi raunhæf og fyrirsjáanleg tækifæri til að varðveita og auka náttúruverðmæti lands síns samhliða sjálfbærri landnýtingu.

Þessi aðgerð er einnig skilgreind í *Land og líf og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* og er í þróun og innleiðingu hjá Landi og skógi.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Land og skógur

Mögulegir samstarfsaðilar: Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun, sveitarfélög, náttúrustofur, aðrir hagaðilar

Árangursvísar og afurðir:

- Flatarmál einkalanda undir virkri vernd eða endurheimt með stuðningi ríkisins á tímabilinu 2026–2030 sem hægt er að skilgreina undir 30% markmiðið
- Fjöldi heildstæðra landnýtingaáætlana sem taka mið af líffræðilegri fjölbreytni

Tímalína: 2026–2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Tengsl við aðrar áætlanir: Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landsskipulagsstefna 2024–2038

Leiðarljós stefnu: #B #C #E

GBF markmið: 2, 18, 19, 22

1.3 Stuðningur við atvinnulíf

Markmið: Styrkja samstarf hins opinbera við atvinnulífið hvað varðar fræðslu, upplýsingamiðlun og ráðgjöf sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni.

Lýsing: Öflugt samstarf hins opinbera við atvinnulífið getur styrkt innleiðingu starfshátta og lausna sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum og/eða auka jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Í því skyni verði gerð greining á því regluverki sem atvinnulífinu ber að fylgja sem varðar líffræðilega fjölbreytni og áhrif starfseminnar á það og hvort hindranir séu til staðar sem koma í veg fyrir að fyrirtæki geti uppfyllt þessar skyldur svo vel sé.

Á grundvelli þeirrar greiningar verði mótaðar tillögur um hvernig ríkið geti með markvissari hætti stutt við atvinnulífið, m.a. í formi betri gagna, aðgengilegri upplýsinga, fræðslu og ráðgjafar, og þannig stuðlað að því að fyrirtæki geti metið, dregið úr og upplýst um áhrif starfsemi sinnar á líffræðilega fjölbreytni með það að markmiði að uppfylla ofangreindar kröfur.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Mögulegir samstarfsaðilar: Hagaðilar og stofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Greining og tillögur um umbætur af hálfu stjórnvalda liggur fyrir

Tímalína: 2026–2027

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Leiðarljós stefnu: #E #C

GBF markmið: 14, 15, 19, 21

1.4 Fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni

Markmið: Tryggja markvissa og fyrirsjáanlega fjármögnun aðgerðamiðaðra verkefna í þágu líffræðilegrar fjölbreytni sem styðja við innleiðingu stefnu Íslands og alþjóðlegar skuldbindingar.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að kortleggja vænlegar leiðir til að tryggja fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni, þ.á m. möguleika á stofnun Lífríkissjóðs sem styðji við aðgerðamiðuð og mælanleg verkefni í þágu verndar, endurheimtar og eflingar líffræðilegrar fjölbreytni. Fjármagni verði beint til verkefna á vegum atvinnulífs, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra aðila sem stuðla að raunverulegum og varanlegum umbótum í vistkerfum, efla þekkingu og vöktun eða auka þátttöku samfélagsins. Sérstök áhersla verði lögð á verkefni sem skapa samlegð með loftslagsmarkmiðum, hringrásarhagkerfi og náttúruvernd og hafa skýr jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Skoða þarf samlegð með Loftslags- og orkusjóði en einnig væri mögulegt að stofna svokallaðan Lífríkissjóð á grunni 93. gr. laga um náttúruvernd sem fjallar um náttúruverndarsjóð.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Árangursvísar og afurðir:

- Tillaga að fyrirkomulagi og fjármögnun Lífríkissjóðs liggur fyrir
- Fjöldi verkefna sem njóta stuðnings úr sjóðnum

Tímalína: 2028–2030

Staða fjármögnunar: Kostnaðarmat liggur ekki fyrir

Staða á innleiðingu aðgerðar: Á hugmyndastigi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aðlögunaráætlun í loftslagsmálum, Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt, landskipulagsstefna 2024–2038, stefna um hringrásarhagkerfið

Leiðarljós stefnu: #E #A

GBF markmið: 18, 19

2. Endurheimt vistkerfa

2.1 Stöðumat hnignaðra vistkerfa á Íslandi

Markmið: Skilgreina, kortleggja og meta umfang hnignaðra vistkerfa á Íslandi sem grunn að því að styðja við markmið Íslands um að a.m.k. 30% hnignaðra vistkerfa verði undir virkri endurheimt fyrir árið 2030

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að meta umfang hnignaðra vistkerfa á Íslandi og skilgreina hvað telst vera virk endurheimt m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, virkni vistkerfa og þjónustu, m.a. með hliðsjón af markmiðum Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni (GBF markmið 2). Þetta verði gert m.a. með því að:

- skilgreina viðmið fyrir hnignuð vistkerfi (hnignunarstig) í íslensku samhengi og í samræmi við alþjóðleg viðmið,
- meta heildarflatarmál (umfang) hnignaðra vistkerfa á landi, í ferskvatni, á strandsvæðum og hafsvæðum innan lögsögu Íslands,
- kortleggja svæðin með skýrum afmörkunum,
- skilgreina hvað telst vera virk endurheimt vistkerfa í íslensku samhengi og í samræmi við alþjóðleg viðmið og
- forgangsraða vistkerfum og svæðum til endurheimtar.

Sett verði af stað vinna með aðild þeirra stofnana sem sjá um framkvæmd aðgerðarinnar.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Land og skógur, Umhverfis- og orkustofnun, Hafrannsóknastofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið, Náttúrufræðistofnun, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, náttúrustofur, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Samþykkt skilgreining og viðmið fyrir hnignuð vistkerfi á landi, í ferskvatni, strandsjó og hafi liggja fyrir
- Kortlagning og mat á umfangi hnignaðra vistkerfa liggur fyrir
- Skilgreind viðmið um virka endurheimt vistkerfa liggur fyrir
- Greining á bili milli núverandi stöðu og 30% markmiðsins liggur fyrir
- Forgangsraða vistkerfa og svæða til endurheimtar liggur fyrir

Tímalína: 2027

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt, vatnaáætlun, landsskipulagsstefna 2024–2038

Leiðarljós stefnu: #F #B

GBF markmið: 1, 2, 14

2.2 Endurheimt raskaðra vistkerfa á ríkisjörðum

Markmið: Nýta ríkisjarðir markvisst eftir því sem kostur er og m.t.t. annarrar landnýtingar til endurheimtar raskaðra vistkerfa til að styðja við markmið Íslands um að a.m.k. 30% hnignaðra vistkerfa verði undir virkri endurheimt fyrir árið 2030.

Lýsing: Ríkið fer með eignarhald á víðfeðmum löndum sem fela í sér veruleg tækifæri til endurheimtar vistkerfa í þágu líffræðilegrar fjölbreytni, loftslagsmála og vistkerfisþjónustu. Aðgerðin byggir á framkvæmdaáætlun um bættu landnýtingu á ríkisjörðum og felur í sér markvissa endurheimt votlendis og birkiskóga á völdum ríkisjörðum á grundvelli faglegra greininga og forgangsröðunar. Unnið er samkvæmt skilgreindu verklagi og alþjóðlegum viðmiðum um endurheimt vistkerfa með áherslu á virka endurheimt sem miðar að því að endurheimta vistfræðileg gæði og virkni vistkerfa í samræmi við aðra landnýtingu og skipulagsmarkmið.

Þessi aðgerð er skilgreind í *aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* og búið er að greina og forgangsráða svæðum fyrir árin 2026 og 2027 en áframhaldandi greining fram til ársins 2030 er enn í vinnslu.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Land og skógur í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir.

Mögulegir samstarfsaðilar: Fjármálaráðuneytið, Náttúrufræðistofnun, háskólastofnanir, hagaðilar

Árangursvísar og afurðir:

- Fjöldi og flatarmál ríkisjarða þar sem endurheimt er hafin
- Flatarmál vistkerfa á ríkisjörðum sem teljast undir virka endurheimt skv. skilgreindum viðmiðum (aðgerð 2.1)
- Áætlaður samdráttur í losun GHG og/eða kolefnisbinding skráð í losunarbókhald Íslands

Tímalína: 2026–2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, framkvæmdaáætlun um vernd og endurheimt vistkerfa á ríkisjörðum, Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt, eigendastefna ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda, landsskipulagsstefna 2024–2038

Leiðarljós stefnu: #B #C

GBF markmið: 1, 2

2.3 Endurheimt raskaðra vistkerfa í ferskvatni, strandsjó og hafi

Markmið: Að hrinda í framkvæmd markvissum aðgerðum til endurheimtar raskaðra vistkerfa í ferskvatni og á haf- og strandsvæðum á grundvelli skilgreindra viðmiða og stöðumats (aðgerð 2.1).

Lýsing: Minni reynsla er af endurheimt vistkerfa ferskvatns, hafs og stranda en á landi og þörf er á markvissri uppbyggingu þekkingar og framkvæmdagetu á þessu sviði. Aðgerðin felur í sér að:

- forgangsraða vistkerfum og svæðum til endurheimtar á grundvelli skilgreindra viðmiða um virka endurheimt (aðgerð 2.1),
- hefja og styðja við tilraunaverkefni um endurheimt vistkerfa í ferskvatni, strandsjó og hafi og
- þróa og samræma aðferðir og mælikvarða til að meta árangur endurheimtar.

Mikilvægt er að tryggja að endurheimtin sé samþætt stjórn vatnamála, hafsvæðistjórnun og öðrum viðeigandi stefnum. Sett verði af stað vinna með aðild þeirra stofnana sem sjá um framkvæmd aðgerðarinnar.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Framkvæmd: Umhverfis- og orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Land og skógur

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Land og skógur, náttúrustofur, sveitarfélög, hagaðilar

Árangursvísar og afurðir:

- Forgangsröðun svæða og vistkerfa til endurheimtar liggur fyrir
- A.m.k. fimm tilrauna- og innleiðingarverkefni í ferskvatni og á haf- og strandsvæðum hafin árið 2028
- Aukning á flatarmáli eða umfangi vistkerfa sem teljast undir virkri endurheimt samkvæmt skilgreindum viðmiðum

Tímalína: 2028–2030

Staða fjármögnunar: Kostnaðarmat liggur ekki fyrir

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Vatnaáætlun, landsskipulagsstefna 2024–2038, haf- og strandsvæðisskipulag

Leiðarljós stefnu: #B #C #F

GBF markmið: 1, 2

3. Stjórnsýsla og samhæfing

3.1 Samstarf og stuðningur við sveitarfélög

Markmið: Efla hlutverk og aðkomu sveitarfélaga að verkefnum er varðar líffræðilega fjölbreytni.

Lýsing: Sett verður af stað samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga byggt á þremur meginþáttum þar sem þróuð verða verkfæri, verklag og dæmi um góðar lausnir til að styðja sveitarfélög við að samþætta líffræðilega fjölbreytni í skipulagsmálum.

1. Tilraunaverkefni: Unnin verða verkefni sem fela í sér að:

- Þróunarvinna sem miðar að því að mæta skipulagslegum áskorunum sem tengjast m.a. landnotkun, vernd og endurheimt vistkerfa og/eða skipulagi strandsvæða.
- Móta stefnu um landnotkun sem tekur mið af bestu þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni innan sveitarfélagsins, verndargildi og ástandi vistkerfa, eða
- Ráðast í beinar aðgerðir til verndunar og/eða endurheimtar vistkerfa innan marka sveitarfélagsins.

2. Leiðir til skipulags (verkfærakista): Þróun aðferða og úrræða sem sveitarfélög geta nýtt í skipulagsvinnu, s.s.:

- Leiðbeiningar og staðlaður gátlisti um samþættingu líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagi.
- Yfirlit yfir helstu gögn og kortasjár, aðgengi að þeim og leiðbeiningar um hvernig megj nýta slíkt í þessum tilgangi.
- Verklag við mat á verndargildi vistgerða í skipulagsferli.
- Dæmi um góðar lausnir.

3. Miðlun og vitundarvakning:

- Niðurstöður verkefnisins kynntar sveitarfélögum með vinnustofum, leiðbeiningum og dæmum um hvernig vernd líffræðilegrar fjölbreytni geti einnig stutt við samfélagsþróun og atvinnulíf.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Liggur ekki fyrir

Mögulegir samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneytið, Land og skógur, Náttúrustofur, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknarstofnun, Náttúruverndarstofnun, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Árangursvísar og afurðir:

- Tilraunaverkefni komið á laggirnar
- Aðferðir og úrræði (verkfærakista) tilbúin og útgefnar leiðbeiningar
- Landshlutakynningar á verkefninu

Tímalína: 2027–2029

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Landsskipulagsstefna 2024–2038, Byggðaáætlun 2022–2036, Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aðlögunaráætlun í loftslagsmálum

Leiðarljós stefnu: #A #C #E

GBF markmið: 1, 12, 14

3.2 Greining áhrifa opinberra hvata á líffræðilega fjölbreytni

Markmið: Draga úr hvötum sem hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Lýsing: Hin ýmsu stjórnþæki ríkisins geta haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni með bæði beinum og óbeinum hætti. Greina þarf hvort og þá hvernig opinberir hvatar hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Sett verði af stað greiningarvinna þar sem skilgreint verður hvaða málaflokkar verða sérstaklega teknir til skoðunar. Nauðsynlegt er að afmarka vel til hvaða hvata eða stjórnþækja slík greining á að ná. Slík greining er grunnur að því að endurskoða þá hvata sem eru nú þegar í kerfinu, annars vegar til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra og hins vegar að auka jákvæð áhrif.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Liggur ekki fyrir

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið

Árangursvísar og afurðir:

- Greining á áhrifum og tillögur um umbætur liggur fyrir

Tímalína: 2027–2028

Staða fjármögnunar: Kostnaðarmat liggur ekki fyrir

Staða á innleiðingu aðgerðar: Á hugmyndastigi

Leiðarljós stefnu: #A #C

GBF markmið: 18

3.3 Framandi ágengar tegundir

Markmið: Efla stjórnarsýslu málaflokks framandi ágengra tegunda.

Lýsing: Efla þarf stjórnarsýslu í tengslum við framandi ágengar tegundir. Þörf er á að endurskoða þær reglur sem um þær gilda og skýra hlutverk og verkaskiptingu þeirra aðila sem að málaflokknum koma, s.s. ólíkra fagstofnana og sérfræðinganefndar um framandi tegundir.

- a) Setning reglugerðar í samræmi við 63. gr. laga um náttúruvernd.
- b) Mögulegar tillögur að lagabreytingum í XI. kafla náttúruverndarlaga.
- c) Greining á öðrum stjórnþækjum stjórnvalda í tengslum við framandi ágengar tegundir.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Náttúrufræðistofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið, Náttúruverndarstofnun, Hafrannsóknastofnun, Land og skógur, náttúrustofur, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Útgáfa reglugerðar í samræmi við 63. gr., breytingar á XI. kafla náttúruverndarlaga
- Greining á öðrum stjórnþækjum stjórnvalda í tengslum við framandi ágengar tegundir liggur fyrir

Tímalína: 2026–2028

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðlögunaráætlun í loftslagsmálum, Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt

Leiðarljós stefnu: #D #B #F

GBF markmið: 6

3.4 Framkvæmd áhættumats fyrir valdar framandi tegundir

Markmið: Framkvæma áhættumat fyrir valdar framandi tegundir og uppfæra lista um framandi ágengar tegundir á grundvelli þess.

Lýsing: Uppfæra þarf lista um framandi ágengar tegundir á Íslandi. Gert verður áhættumat fyrir valdar framandi tegundir sem eru eða gætu verið ágengar. Þetta á við um margar tegundir, en ekki síst tegundir sem eru í reglulegri notkun hérlandis, t.d. í landgræðslu og skógrækt. Hér á landi hefur listi um framandi ágengar tegundir ekki verið uppfærður í fjölda ára og áhættumat er forsenda þess að slík uppfærsla sé gerð á marktækan hátt. Áhættumat fyrir valdar tegundir mun byggja á alþjóðlega viðurkenndum aðferðum. Búinn verður til rammi um gerð áhættumats.

Mikilvægt er að forgangsraða áhættumati á þeim tegundum sem eru nú þegar í notkun.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Náttúrufræðistofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Land og skógur, náttúrustofur, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Rammi um gerð áhættumats liggur fyrir
- Uppfærður listi um framandi ágengar tegundir (aðgerð 3.4)

Tímalína: 2027–2028

Staða fjármögnunar: Kostnaðarmat liggur ekki fyrir

Staða á innleiðingu aðgerðar: Á hugmyndastigi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðlögunaráætlun í loftslagsmálum (aðgerð A.1.2)

Leiðarljós stefnu: #D #B #F

GBF markmið: 6

3.5 Könnun valkosta varðandi lífríkisráð og vísindanefnd

Markmið: Styrkja sess líffræðilegrar fjölbreytni innan stjórnsýslunnar.

Lýsing: Vísindalegur og faglegur bakgrunnur stefnumótunar, ákvarðanatöku og framkvæmdar þarf ávallt að vera til staðar og byggja þarf á öflugum samstarfi og aðgengi að bestu mögulegu þekkingu. Til að stuðla að því og bæta stjórnvöldum aðgang að slíkri þekkingu er æskilegt að koma á fót vísindalegu fagráði sem veiti stjórnvöldum stuðning, ráð og aðhald með faglegri ráðgjöf um málefni líffræðilegrar fjölbreytni. Einnig er mikilvægt að tryggja tengingu stjórnvalda við milliríkjavettvang SP um líffræðilega fjölbreytni og vistþjónustu (IPBES).

Sett verði af stað samráð við að móta tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að fyrirkomulagi hvað varðar stjórnskipulag líffræðilegrar fjölbreytni til að tryggja faglegt aðhald gagnvart stjórnvöldum um málefnið, vísindalega rýni og tengsl við IPBES, milliríkjavettvang Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni, og þverlæga ábyrgð innan Stjórnarráðsins varðandi stefnumótun og eftirfylgni. Í þeirri vinnu verði sérstaklega skoðuð möguleg samlegð í verkefnum sem snúa að loftslags- og lífríkismálum.

Á sviði loftslagsmála er bæði starfandi loftslagsráð og landsnefnd um loftslagsvísindi, auk verkefnisstjórnar innan Stjórnarráðsins um aðgerðaáætlun um loftslagsaðgerðir. Rýna þarf tækifæri til samlegðar og samhæfingar milli þeirrar stjórnsýslu og málaflokks líffræðilegrar fjölbreytni um leið og faglegu hlutverki stofnana í málflokknum er lyft upp.

Niðurstöður vinnunnar nýtist þá til að móta mögulegar tillögur um lagabreytingar, breytingar á skipulagi núverandi stjórnsýslu og/eða stofnun vettvangs sem fari með ofangreind hlutverk.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Mögulegir samstarfsaðilar: Atvinnuvegaráðuneytið, Loftslagsráð, landsnefnd um loftslagsvísindi, Náttúrufræðistofnun sem tengiliður við IPBES, stofnanir, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Greiningarvinna og samráð um stjórnskipulag lífríkismála liggur fyrir
- Tillaga lögð fyrir ráðherra og ákvörðun tekin um fyrirkomulag
- Ráðist í framkvæmd tillagna

Tímalína: 2026–2027

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aðlögunaráætlun í loftslagsmálum

Leiðarljós stefnu: #A #F #E

GBF markmið: 14

4. Verndun lífríkis

4.1 Verndarsvæði í hafi

Markmið: Skilgreina og efla svæðisbundna vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem styður við markmið Íslands um að 30% hafsvæða verði undir skipulagðri vernd og stjórnun fyrir árið 2030.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að ákvarða vegvísi fyrir vinnu íslenskra stjórnvalda í málefnum verndarsvæða í hafi og hafsvæða með virka svæðisvernd (OECD) til ársins 2030, með hliðsjón af markmiðum Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni. Í vegvísinum verði metið til hvaða viðmiða verði litið við setningu verndarsvæða, virk svæðisvernd skilgreind, stjórnþæki rýnd m.t.t. þess hvort þau séu árangursrík til verndunar og stjórnunar hafsvæða, tillaga gerð að nýjum og/eða breyttum stjórnþækjum þurfi þess og hlutverk og ábyrgð ráðuneyta og stofnana í því verkefni skýrð. Jafnframt verði áfangamarkmið í vinnunni um vernd í hafi skilgreind og unnið að fjölgun og/eða stækkun verndarsvæða í hafi á grundvelli vegvísisins.

Vegvísirinn verði lagður fyrir atvinnuvegráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til samþykktar. Skipaður verður stýrihópur til að leiða vinnuna um vegvísinn.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið

Framkvæmd: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið

Mögulegir samstarfsaðilar: Utanríkisráðuneytið, Umhverfis- og orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, náttúrustofur, hagaðilar

Árangursvísar og afurðir:

- Samþykktur vegvísir fyrir verndarsvæði í hafi liggur fyrir í lok árs 2026
- Áfangamarkmið og ábyrgðarskipting liggur fyrir
- Hlutfall hafsvæða sem telst undir skipulagðri vernd eða virkri svæðisvernd

Tímalína: 2026–2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Landsskipulagsstefna 2024–2038

Leiðarljós stefnu: #B #C #F #E

GBF markmið: 3, 8

4.2 Virk svæðisvernd á landi

Markmið: Skilgreina og efla svæðisbundna vernd líffræðilegrar fjölbreytni á landi sem styður við markmið Íslands um að 30% landsvæða verði undir skipulagðri vernd fyrir árið 2030.

Lýsing: Greiða úr óvissu um hvaða svæði á Íslandi geta fallið undir skilgreiningu samnings SP um 30% vernd landsvæða. Þó er ljóst að öll friðlýst svæði falla þar undir, en önnur svæði sem njóta einhvers konar verndar gætu einnig fallið þar undir. Verkefnið snýst um að greina það og koma með tillögur að því hvaða svæði geti fallið þar undir. Verkefnið snýst einnig um að koma með tillögur að því hvernig hægt væri að vinna á skilvirkari hátt að því að stunda náttúruvernd á Íslandi með það fyrir augum að gæði verndarinnar á svæðunum sé í samræmi við kröfur umrædds samnings.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Háskóli Íslands

Mögulegir samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Land og skógur

Árangursvísar og afurðir:

- Greining á og tillögur að hvaða svæði á Íslandi geti fallið undir virka vernd skv. skilgreiningu samnings SP um líffræðilega fjölbreytni

Tímalína: 2026

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Tengsl við aðrar áætlanir: Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, framkvæmdaáætlun um vernd og endurheimt vistkerfa á ríkisjörðum

Leiðarljós stefnu: #B #C #F

GBF markmið: 3

4.3 Átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana

Markmið: Bæta árangur verndunar á verndarsvæðum.

Lýsing: Átak í gerð lögbundinna stjórnunar- og verndaráætlana þegar friðlýstra svæða m.a. til að tryggja að stjórnun svæðanna uppfylli skilyrði um verndarsvæði í skilningi CBD. Fjölgun áætlana mun leiða til markvissari stjórnunar friðlýstra svæða og þannig bæta árangur við vernd þeirra.

Reynslan af heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs verði nýtt til aukinnar skilvirkni í gerð áætlana fyrir friðlýst svæði sem friðlýst eru á grundvelli laga um náttúruvernd. Þannig verði leitað samlegðar í að vinna áætlanir fyrir fleiri en eitt svæði í einni áætlun og svæðaskipting nýtt til sértækra umfjöllunar fyrir hvert og eitt svæði sem leiðir til aukinna afkasta við gerð slíkra áætlana.

Ábyrgð: Náttúruverndarstofnun

Framkvæmd: Náttúruverndarstofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landeigendur og aðrir hagaðilar á friðlýstum svæðum

Árangursvísar og afurðir:

- Hlutfall af fjölda friðlýstra svæða
- Hlutfall af flatarmáli friðlýstra svæða

Tímalína: 2026–2028

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Tengsl við aðrar áætlanir: Framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár, framkvæmdaáætlun um vernd og endurheimt vistkerfa á ríkisjörðum

Leiðarljós stefnu: #B #F

GBF markmið: 3

4.4 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Markmið: Stuðla að vernd náttúruminja.

Lýsing: Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2025–2029 er áætlun um að friðlýsa sjö svæði sem eru mikilvæg með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni Íslands. Áætlunin er samþykkt á Alþingi í formi þingsályktunartillögu og er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Svæðin sem um ræðir eru Goðdalur, Hengladalir, Húsey og Eyjasel, Lauffellsmýrar, Oddauppsprettur og Lambeyraruppsprettur og Reykjanes-Þorlákshver. Svæði sem hafa öll hátt verndargildi. Þar er til dæmis að finna fágæta jarðhitalæki, víðáttumiklar mýrar sem gegna hlutverki í baráttunni við loftslagsbreytingar, staðbundnar fisktegundir, og einnig leita fuglategundir á válista þar athvarfs.

Ábyrgð: Náttúruverndarstofnun

Framkvæmd: Náttúruverndarstofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landeigendur, hagaðilar

Árangursvísar og afurðir:

- Öll svæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2025–2029 verði friðlýst (þ.e. fari af B-hluta náttúruminjaskrár og yfir á A-hluta náttúruminjaskrár)

Tímalína: 2026–2029

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Leiðarljós stefnu: #B #A

GBF markmið: 3, 11

5. Þekking, gögn og vöktun

5.1 Mælaborð líffræðilegrar fjölbreytni

Markmið: Að unnið sé að vöktun lykilorða líffræðilegrar fjölbreytni og vöktunargögnum miðlað í mælaborði.

Lýsing: Mikilvægt að fylgjast með breytingum á lífríki með markvissri vöktun, t.d. viðkvæmra vistkerfa, tegunda, stofna og afbrigða, til að sporna við frekari hnignun. Nauðsynlegt er að samræma vöktun og nýta niðurstöður hennar til að móta lykilmælikvarða sem geta virkað sem vísar á ástand og til að meta árangur aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni, og samræma slíka vísa við alþjóðlega mælikvarða eins og við á, sérstaklega við innleiðingu GBF-samkomulagsins. Árangursrík vöktun gefur bæði tækifæri til að bregðast hratt við skyndilegum breytingum og grípa snemma inn í óæskilega þróun með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Unnið verði að því að skilgreina lykilmælikvarða vöktunar sem nýtast sem vísar á ástand og árangur aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni. Þessa mælikvarða þarf að uppfæra kerfisbundið og birta miðlægt.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Náttúrufræðistofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Land og skógur, náttúrustofur, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Útgefin landsáætlun um rannsóknir og vöktun á lífríkisþáttum

Tímalína: 2027–2029

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðlögunaráætlun í loftslagsmálum (aðgerð A.1.1)

Leiðarljós stefnu: #F #A

GBF markmið: 21

5.2 Náttúruskrá Íslands: Samræmt gagnakerfi

Markmið: Koma á samræmdu og aðgengilegu gagnakerfi um líffræðilega fjölbreytni sem styður við stefnumótun, vöktun, rannsóknir, skipulagsgerð og innleiðingu aðgerða stjórnvalda.

Lýsing: Gögn um líffræðilega fjölbreytni og náttúrufar Íslands eru dreifð í dag á milli stofnana og annarra aðila. Til að styrkja stefnumótun, rannsóknir, vöktun og framkvæmd aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni verði unnið að uppbyggingu samræmds gagnakerfis um náttúrugögn.

Aðgerðin felur í sér að greina hvaða gagnagrunna og gagnaveitur megi samræma og tengja saman, þróa viðmið um miðlun og aðgengi að gögnum og bæta yfirsýn yfir tiltæk náttúrugögn. Horft verði sérstaklega til gagna frá Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun, Landi og skógi, Veðurstofu Íslands og náttúrustofum.

Aðgerðin styður við aðgerð A.1.5 í *aðlögunaráætlun í loftslagsmálum 2026–2030* um samhæfingu og miðlun grunngagna.

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmd: Náttúrufræðistofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Land og skógur, Veðurstofa Íslands, ÍSOR, náttúrustofur, háskólastofnanir

Árangursvísar og afurðir:

- Greining liggur fyrir um samræmingu og tengingu helstu náttúrugagnagrunna
- Samræmt gagnakerfi fyrir náttúrugögn hefur verið þróað og tekið í notkun

Tímalína: 2027–2029

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í undirbúningi

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðlögunaráætlun í loftslagsmálum (aðgerð A.1.5)

Leiðarljós stefnu: #F #A #C

GBF markmið: 14, 20, 21

5.3 Uppfærsla vistgerðakorts á landi

Markmið: Auka áreiðanleika gagna sem notuð eru í skipulags-, landnotkunar- og verndarvinnu.

Lýsing: Núverandi vistgerðarkort hefur verið lykilgagn í skipulagsvinnu og ákvarðanatöku um landnotkun. Gögnin sem kortið byggir á eru gömul og endurspeгла ekki raunverulega stöðu vistgerða vegna náttúrulegra breytinga. Auk þess var áreiðanleiki kortsins mismikill eftir vistgerðum og landshlutum.

Aðgerðin felur í sér uppfærslu vistgerðakorts á næstu fimm árum með því að safna nýjum gögnum og endurskoða gömul, greina vistgerðir, endurskoða flokkun vistgerða, vettvangsvinnu, o.fl.

Ábyrgð: Náttúrufræðistofnun

Framkvæmd: Náttúrufræðistofnun

Mögulegir samstarfsaðilar: Land og skógur, Hafrannsóknarstofnun

Árangursvísar og afurðir:

- Uppfært vistgerðarkort

Tímalína: 2026–2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma fjárlaga

Staða á innleiðingu aðgerðar: Í framkvæmd

Tengsl við aðrar áætlanir: Aðlögunaráætlun í loftslagsmálum (aðgerð A.1.2)

Leiðarljós stefnu: #F #B #C

GBF markmið: 14, 20, 21

6. Viðauki: Yfirlit aðgerða

	Aðgerðir	Leiðarljós	Tímabil
1. Atvinnulíf og samfélag	1.1 Landbúnaður og náttúruvernd*	#C #B #E	2026–2029
	1.2 Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu*	#B #C #E	2026–2030
	1.3 Stuðningur við atvinnulíf	#E #C	2026–2027
	1.4 Fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni	#E #A	2028–2030
2. Endurheimt vistkerfa	2.1 Stöðumat hnignaðra vistkerfa á Íslandi	#F #B	2027
	2.2 Endurheimt raskaðra vistkerfa á ríkisjörðum	#B #C	2026–2030
	2.3 Endurheimt raskaðra vistkerfa í ferskvatni, strandsjó og hafi	#B #C #F	2028–2030
3. Stjórnsýsla og samhæfing	3.1 Samstarf og stuðningur við sveitarfélög	#A #C #E	2027–2029
	3.2 Greining áhrifa opinberra hvata á líffræðilega fjölbreytni	#A #C	2027–2028
	3.3 Framandi ágengar tegundir	#D #B #F	2026–2028
	3.4 Framkvæmd áhættumats fyrir valdar framandi tegundir	#D #B #F	2027–2028
	3.5 Stofnun lífríkisráðs og vísindanefndar	#A #F #E	2026–2027
4. Verndun lífríkis	4.1 Verndarsvæði í hafi*	#B #C #F #E	2026–2030
	4.2 Virk svæðisvernd á landi*	#B #C #F	2026
	4.3 Átak í gerð stjórnunar- og verndaráætla*	#B #F	2026–2028
	4.4 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár	#B #A	2026–2029
5. Þekking, gögn og vöktun	5.1 Mælaborð líffræðilegrar fjölbreytni	#F #A	2027–2029
	5.2 Náttúruskrá Íslands: Samræmt gagnakerfi	#F #A #C	2027–2029
	5.3 Uppfærsla vistgerðakorts á landi	#F #B #C	2026–2030

*Forgangsaðgerðir

